


4. júlí 2024

Varðar: fyrirspurn – Laufásvegur 16

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20. júní 2024 var lögð fram fyrirspurn Ólafs Rúnars Ólafssonar, dags. 10. júní 2024, um að setja bílastæði á lóð nr. 16 við Laufásveg fyrir framán innkeyrslu/þjónustudyr Listaháskóla Íslands. Einnig er lagður fram tölvupóstur Ólafs Rúnars Ólafssonar, dags. 10. júní 2024, þar sem fram kemur skissa á ljósmynd og yfirlitsmynd.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Götumynd tekin af já.is

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulagi tilheyrir lóðin og byggingin á Laufásvegi 16 borgarhluta 2 Miðborg og er á skilgreindu íbúðasvæði ÍB10 Þingholt.

Deiliskipulag: Ekkert deiliskipulag er í gildi og þarf því að grenndarkynna allar byggingarleyfisskildar framkvæmdir.

Umsögn

Lóðin við Laufásveg 16 hefur staðið auð frá því síðan 1971 en húsið sem stóð þar áður brann það ár. Hús Listasafn Íslands teygir sig inn á lóðina vestan megin en hún er í eigu safnsins. Þar er staðsett vörumóttaka safnsins og fer allur safnkostur um þá móttöku.

Óskað er eftir álitum skipulagsfulltrúa Reykjavíkur um bílastæði á lóðinni fyrir þjónustubíreið Listasafn Íslands til þess að hægt sé að flytja safnkost inn og út úr safninu. Almennt er ekki heimilað að fjölga bílastæðum í gróinni byggð en þar sem um er að ræða aðkomu að

vörulyftu Listasafn Íslands verður gerð undanþága vegna sérstakra aðstæðna. **Eingöngu verður heimilt að leggja þjónustubifreið Listasafns Íslands fyrir framan vörulyftuna, öðrum bílum á vegum safnsins eða starfólks safnsins verður ekki heimilt að leggja á lóðinni.**

Vegna sérstakra aðstæðna eru ekki gerðar skipulagslegar athugasemdir við að heimila bílastæði á lóðinni að Laufásvegi 16 fyrir þjónustubifreið Listasafns Íslands. Ekki verður heimilt að leggja öðrum bifreiðum á lóðinni.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun.

Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

Niðurstaða

- Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við að heimila bílastæði á lóðinni að Laufásvegi 16 fyrir þjónustubifreið Listasafns Íslands. Ekki verður heimilt að leggja öðrum bifreiðum á lóðinni.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Birgitta Rut Skúladóttir Hjörvar, verkefnastjóri